

fram hefur komið af hálfu stefnda um framlagningu yfirlitsreiknings, hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnanda, að frekari skjöl verði ekki lögð fram í málinu. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af ákvæði 145. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Eins og málsatvikum er háttað, verður málskostnaður ekki dæmdur í máli þessu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Fimmtudagurinn 14. desember 1972.

Nr. 197/1971: **Páll M. Jónsson**
(Örn Þór hrl.)
gegn
Samvinnutryggingum
(Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1971. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.222.883.00 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram sýnishorn prentaðra eyðublaða stefnda, þeirra sem hann notaði fyrir orðsend-

ingar til viðskiptamanna sinna um gjalddaga brunatrygginga 1. október 1964 og 1. október 1965.

Orðsendingar um gjalddaga brunatryggingariðgjalds 1. október 1964, sem ekki er vefengt, að stefndi sendi áfrýjanda í pósti að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði í september eða október 1964, voru að efni krafa um greiðslu iðgjalds í skilningi 1. tl. 2. gr. váttryggingarskilmála stefnda og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Ætla má, að orðsendingar þessar hafi komið með skilum á ákvörðunarstað, og má fallast á álit héraðsdóms um orsök þess, að þær bárust ekki áfrýjanda í hendur. Þar sem áfrýjandi greiddi ekki iðgjald, féll niður ábyrgð stefnda eftir því sem segir í 1. tl. 2. gr. váttryggingarskilmála hans og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954, enda fullnægði greiðslukrafa stefnda niðurlagsákvæði 1. mgr. 33. gr. nefndra laga.

Áfrýjandi hefur synjað fyrir, að honum hafi borizt orðsendingar stefnda um gjalddaga iðgjalds 1. október 1965, þær sem stefndi kveður hafa verið sendar áfrýjanda að starfsstöð hans á Álfrólsvægi 11 í Kópavogi. Áfrýjandi, sem hafði aðrar gildar brunatryggingar hjá stefnda, hefur ekki sýnt fram á nein þau atvik, sem veitt hafi honum ástæðu til að ætla, að stefndi mundi eigi bera fyrir sig vanskil iðgjalds til lausnar undan ábyrgð eftir því sem 2. gr. váttryggingarskilmála og ákvæði 14. og 15. gr. laga nr. 20/1954 heimiluðu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að svo sem sakarefni er vaxið, var ekki þörf á, að héraðsdómari dæmði málið með samdómendum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. september 1971.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 23. f. m., hefur Páll M. Jónsson, Digranesvegi 97, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi

Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 20. febrúar 1970, á hendur Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3 hér í borg, til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 1.222.883.00 auk 8% ársvaxta frá 1. apríl 1966 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á vaxtakröfu stefnanda, að krafizt var 7% ársvaxta frá 1. apríl 1966 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi rak trésmíðaverkstæði að Álfrólsvégi 11 í Kópavogi. Hinn 11. janúar 1963 tók stefnandi brunatryggingu hjá stefnda að fjárhæð kr. 250.000.00, er skyldi tryggja gegn eldsvoða unnið og óunnið efni í verkstæði stefnanda. Var trygging þessi tekin fyrir tímabilið 11. janúar—1. október 1963. Greiddi stefnandi iðgjald þessa tryggingartímabils. Í byrjun septembermánaðar árið 1963 tók stefnandi brunatryggingu hjá stefnda að fjárhæð kr. 1.240.000.00, er skyldi tryggja gegn eldsvoða vélar, verkfæri og efni, unnið og óunnið, í verkstæðinu. Var trygging þessi tekin fyrir tímabilið frá 1. nóvember 1963 til 1. október 1964. Iðgjald fyrir þetta tímabil greiddi stefnandi þegar, er tryggingin var tekin. Er hinu fyrsta umsamda tryggingartímabili lauk, eða hinn 1. október 1964, sendi stefndi stefnanda tilkynningu um gjalddaga iðgjalds næsta tryggingartímabils, þ. e. frá 1. október 1964 til 1. október 1965, en fjárhæðin nam kr. 8.053.00. Iðgjald þetta greiddi stefnandi ekki. Í byrjun októbermánaðar 1965 mun stefndi hafa sent stefnanda tilkynningu um gjalddaga iðgjalds næsta tryggingartímabil, 1. október 1965 til 1. október 1966, fjárhæð þess kr. 9.064.00. Tryggingariðgjald þetta greiddi stefnandi ekki. Hinn 2. marz 1966 kom upp eldur í húseigninni að Álfrólsvégi 11, og geryðilagöist hún ásamt verkstæði stefnanda, öllum vélum, verkfærum, húsgögnum í smíðum og óunnu efni. Stefnandi leitaði nú eftir greiðslu tryggingarfjárhæðarinnar, kr. 1.240.000.00, hjá stefnda, en var synjað um greiðslu eftir ítrekaðar viðræður við forráðamenn stefnda. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til heimtu tjónbótanna.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að greindur tryggingarsamningur þeirra aðiljanna hafi verið í fullu gildi og að ábyrgð stefnda samkvæmt tryggingarsamningnum hafi ekki verið niður

fallin, er umræddur tjónatburður varð. Er því haldið fram, að 2. gr. hinna almennu skilmála váttryggingarsamningsins sé þannig orðuð, að váttryggingartaki geti eigi skilið hana á annan veg en þann, að samningurinn sé í gildi sem og ábyrgð félagsins, á meðan félagið segir ekki samningnum upp skriflega eða krefst ekki ógreiddra iðgjalda á annan þann hátt en gert var gagnvart stefnanda máls þessa. Er á það bent af hálfu stefnda, að er fyrsta tryggingartímabilinu lauk samkvæmt tryggingarskírteini því, sem fjallað er um í málinu, hafi stefndi sent út tilkynningar um, hve hátt iðgjald bæri að greiða fyrir næsta tryggingartímabil. Sami háttur hafi verið á hafður, er næsta tryggingartímabili lauk. Er því haldið fram, að þessar síðari tilkynningar hafi ekki á neinn hátt veitt upplýsingar um, að fyrra iðgjald væri í vanskilum. Er á það bent, að tilkynningar sem þessar séu ekki sendar sem ábyrgðarbréf og skipti það stefnda engu, hvort þær komist til skila eða ekki. Er því haldið fram, að ákvæði laga nr. 20/1954 beri að skilja svo, að ákveðin krafa um greiðslu ógreidds iðgjalds sé með vitund tryggingafélagsins komin í hendur tryggingartaka. Hins vegar hafi stefndi ekki sent nokkra tilkynningu, aðvörun eða kröfubréf, er sýnt hafi vanskil stefnanda á greiðslum iðgjalda, og ekki hafi verið gerð nein gangskör að því af hálfu stefnda að útskýra fyrir stefnanda, að iðgjald væri ógreitt og hann gæti átt á hættu, að tryggingarsamningur aðiljanna og/eða ábyrgð stefnda væri ekki í gildi. Er því haldið fram, að framkvæmd stefnanda á þessu atriði sé ekki í neinu samræmi við orðalag hinna almennu tryggingarskilmála. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að stefndi hafi í rekstri sínum svokallað bónuskerfi, er felist í því, að viðskiptamenn, sem eru aðiljar tryggingarsamninga stefnda, er framlengist eitt ár í senn, njóti lækkunar á iðgjaldi sínu, ef rekstur félagsins leyfi slíkt. Þessarar iðgjaldalækkunar hafi stefnandi notið fyrir annað tryggingartímabilið sem hver annar fastur viðskiptamaður félagsins. Hins vegar hafi félagið enga bónusgreiðslu veitt við endurnýjun samningsins í októbermánuði 1965, en þetta sýni að stefnandi hafi notið sömu kjara og aðrir tryggingatakar á árunum 1964, 1965 og 1965—1966. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi muni einnig hafa álitid tryggingarsamning aðiljanna í fullu gildi, þar sem auk þess, sem að framan er rakið, hafi verkstæði stefnanda og aðbúnaður allur verið skoðaður af og til af sérstökum eftirlitsmönnum stefnda samkvæmt heimild, sem stefndi hafi áskilið sér, á meðan tryggingin

stóð, samkvæmt 7. lið 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála. Skoðunarmenn stefnda hafi m. a. komið í þessu skyni í verkstæði stefnanda síðari hluta októbermánaðar 1965 sem og í byrjun janúarmánaðar 1966. Stefnandi hafi þá rætt við þá og hafi þeir gefið þá skýringu á erindi sínu, að þeir væru að kanna, hvort nokkuð væri athugavert hjá stefnanda, að því er varðaði brunahættu, þar sem hér væri um að ræða mjög háa tryggingarfjárhæð.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefndi hafi oftast en einu sinni, er tjón hafi orðið af völdum bruna, greitt tryggingartaka tjónbætur að frádregnum ógreiddum iðgjöldum, sem í vanskilum voru, og er af hálfu stefnanda bent á tvö slík tilvik. Er því haldið fram, að stefndi, sem muni vera stærsta tryggingafélag landsins, hljóti að hafa ákveðnar viðskiptavenjur, er hann hafi mótað í uppgjörum á tjónum, þegar um vanskil á iðgjaldagreiðslum er að ræða. Geti vart verið, að einum viðskiptamanni séu greiddar tjónbætur eftir óralöng vanskil, en ekki öðrum, er aðeins skuldi iðgjöld fyrir tvö tryggingartímabil, enda sé stefnda ekki stætt á því að mismuna viðskiptavinum sínum með þeim hætti.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að er fyrsta tryggingartímabil umræddrar brunatryggingar rann út og nýtt árstímabil hófst af sjálfu sér þann 1. október 1964, hafi stefndi sent út tilkynningu til stefnanda að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði, sem hafi falið í sér kröfu um iðgjald fyrir hið nýja tryggingartímabil, og hafi iðgjaldið verið tilgreint í tilkynningunni svo og gjalddagi, 1. október 1964. Stefnanda hafi og verið send ítrekun hálfum mánuði síðar, en hann hafi hvorki þá né síðar greitt iðgjaldið. Afleiðingin af þessu hafi orðið sú samkvæmt 1. tl. 2. gr. váttryggingarskilmálanna, að ábyrgð stefnda hafi fallið niður að viku liðinni frá upphafi tryggingartímabilsins, sbr. og síðari málslið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954. Því er lýst yfir af hálfu stefnda, að það sé ekki venja hans að segja upp váttryggingarsamningi, þótt vanskil verði nokkur á greiðslu iðgjalds. Því hafi verið litið svo á af hans hálfu við upphaf nýs tryggingartímabils, er hófst hinn 1. október 1965, að váttryggingarsamningurinn væri enn í gildi, og því hafi verið send tilkynning og ítrekun til stefnanda á sama hátt og árið áður, rituð á nafn stefnanda að Álfrólsvægi 11 í Kópavogi, en alger vanskil hafi orðið af hálfu stefndana. Því hafi tryggingarsamningur aðiljanna fallið úr gildi, er þrjár mánuðir voru liðnir frá því síðara iðgjalds-

ins var krafizt, sbr. 15. gr. laga nr. 20/1954, og hafi eigi raknað við eftir það. Það kemur fram af hálfu stefnda, að tilkynningar til stefnanda hafi verið sendar í almennum pósti. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að tjón stefnanda, sem varð við brunann hinn 2. marz 1966, hafi ekki verið á ábyrgð stefnda samkvæmt umræddri brunatryggingu. Af hálfu stefnda er á það bent, að stefnandi hafi ekki tilkynnt stefnda bústaðaskipti sín frá Skúla-skeiði 28 í Hafnarfirði að Digranesvegi 97 í Kópavogi og verði stefnandi að bera hallann af því samkvæmt 33. gr. laga nr. 20/1954. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að það hafi nokkra þýðingu fyrir úrslit málsins, þótt starfsmenn stefnda hafi skoðað starfsstofu stefnanda skömmu fyrir tjónatburðinn, enda hafi stefnandi þá verið með aðra tryggingu hjá stefnda, sem hafi verið fullt tilefni skoðunarinnar. Þá er því mótmælt af hálfu stenda, að uppgjör á tjónum annarra viðskiptamanna stefnda hafi verið framkvæmt með þeim hætti, að það geti skapað stefnanda nokkurn grundvöll til kröfugerðar í máli þessu. Við munnlegan flutning málsins var því lýst yfir af hálfu stefnda, að fallið væri frá þeirri málsástæðu, sem fram kemur í greinargerð, að krafa stefnanda sé fyrnd. Þá eru eigi byggðar varnir á því, að um tvítryggingu eða tryggingarsvik sé að ræða.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að er hann tók umrædda tryggingu, hafi hann fengið í hendur tryggingarskilmála eins og þá, sem lagðir hafa verið fram í málinu, en ekki kveðst hann muna, hvort nokkuð frekar hafi fylgt tryggingarskilmálunum. Stefnandi kveður öll skjöl sín hafa brunnið, er verkstæði hans brann, og hafi hann engin gögn í höndunum varðandi trygginguna. Stefnandi kveðst aldrei hafa fengið tilkynningu frá stefnda um gjalddaga iðgjalds tryggingarinnar 1. október 1964 og ekki heldur um gjalddaga iðgjalds tryggingarinnar 1. október 1965. Stefnandi kveður það hafa komið fram eftir brunann, að stefndi hafi sent tvær tilkynningar um greiðslu iðgjalda. Kveðst stefnandi þá þegar hafa lýst yfir, að hann hafi ekki fengið tilkynningar þessar. Stefnandi kveður það sennilega hafa verið fljótlega, eftir að hann tók umrædda tryggingu, sem hann hafi flutt í núverandi heimili sitt að Digranesvegi 97 í Kópavogi og hafi hann tilkynnt þau aðsetursskipti. Ekki kveðst hann minnst þess að hafa tilkynnt stefnda þessi aðsetursskipti. Stefnandi kveður forstjóra útibús stefnda í Hafnarfirði, Guðmundi Þorlákssyni, hafa verið vel kunnugt um, að hann var fluttur, því að forstjórinn hafi oft komið í verzlun hans í Kópavogi. Stefnandi

kveður það aldrei hafa komið fram hjá forstjóra umboðs stefnda í Hafnarfirði, er þeir töluðu saman, að hann, þ. e. stefnandi, skuldaði iðgjöld til stefnda. Stefnandi kveður þá Guðmund vera góða kunningja og hafi þeir oft átt tal saman í og við starfsstofu stefnanda í Kópavogi. Ekki kveður stefnandi nein samskipti hafa verið milli aðiljanna varðandi brunatryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, nema það að tveimur mánuðum fyrir brunann eða í kringum áramótin hafi skoðunarmenn stefnda komið í verkstæðið og verzlunarhúsið og skoðað þau. Kveðst stefnandi hafa spurt skoðunarmennina að því, hvort þeir skoðuðu öll hús, en þeir hafi aðeins sagzt skoða hús, sem væru með háar tryggingar og hús hans, þ. e. stefnanda, væri með háa tryggingu. Kveður stefnandi skoðunarmennina hafa komið tvisvar með stuttu millibili. Stefnandi kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að iðgjald fyrir tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, væri í vanskilum, fyrr en Brúno Hjaltsted hafi skýrt sér frá því daginn eftir brunann og hafi þetta þá komið flatt upp á sig. Kveður stefnandi Brúno hafa lofað að fara í gegnum þetta fyrir sig, því að svo virtist sem þetta væri ekki í nógu góðri reglu hjá umboði stefnda í Hafnarfirði. Kveður stefnandi þetta sama hafa komið fram í samtali, sem hann hafi átt við Ásgeir Magnússon, forstjóra stefnda. Auk tryggingar þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, kveðst stefnandi hafa keypt aðra tryggingu hjá stefnda. Hafi þar verið um að ræða brunatryggingu að fjárhæð kr. 300.000.00 fyrir vélar og lausamuni og hafi hún verið tekin hjá umboði stefnda í Kópavogi. Kveðst stefnandi hafa fengið tilkynningu um gjalddaga þeirrar tryggingar. Kveðst stefnandi hafa verið krafinn um iðgjaldið og hafi þá verið komið fram yfir gjalddaga. Hann kveðst ekki hafa haft reiðufé og hafi sá, sem krafði, viljað fá samþykktan víxil fyrir iðgjaldinu. Kveðst stefnandi síðan hafa samþykkt víxil fyrir því. Stefnandi kveðst hafa tekið tryggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands að fjárhæð kr. 1.060.000.00 og hafi þar verið um að ræða brunatryggingu á lausafé. Kveðst stefnandi telja, að hann hafi tekið þessa tryggingu, eftir að hann tók tryggingu þá hjá stefnda, sem fjallað er um máli þessu. Kveðst hann hafa fengið tilkynningar frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands um gjalddaga þessarar tryggingar og hafi þær komið í almennum pósti. Stefnandi kveðst hafa fengið greiddar bætur fyrir brunatjónið frá Brunabótafélagi Íslands og Sjóvátryggingarfélagi Íslands. Hann kveður trygginguna hjá Brunabótafélagi Íslands hafa verið skyldubruna-

tryggingu, en ekki kveðst hann muna, hversu háar bæturnar voru. Þá kveðst stefnandi einnig hafa fengið greiddar kr. 300.000.00 frá stefnda og hafi sú greiðsla verið á grundvelli brunatryggingarinnar á vélum og lausafjármunum.

Brúno Hjaltsted, deildarstjóri hjá stefnda, hefur skýrt svo frá, að samkvæmt auðkennum á tryggingarbeiðni varðandi tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, sé sennilegt, að tryggingin hafi í upphafi verið tekin fyrir milligöngu tryggingasafnara. Tryggingin hafi síðan verið yfirfærð til aðalskrifstofunnar í Reykjavík, þar sem tryggingar endurnýist ekki hjá tryggingasöfnurum, en síðan hafi tryggingin verið flutt til Hafnarfjarðar vegna búsetu stefnanda þar. Ekki kveðst deildarstjórinn þó geta upplýst þetta með vissu, þar sem hann hafi ekki fjallað sjálfur um tryggingu þessa. Deildarstjórinn kveður þá stefnanda hafa talað saman næstu daga eftir brunann. Kveðst hann hafa hringt heim til stefnanda daginn eftir brunann eða næstu daga til að láta stefnanda vita, að iðgjald brunatryggingarinnar væri ógreitt, en stefnandi hafi þá ekki verið heima, en hann kveðst hafa skýrt eiginkonu stefnanda frá þessu. Deildarstjórinn kveður það vera svo, þegar viðskiptavinir stefnda séu ekki sammála þeim ákvörðunum, sem teknar séu, að þá séu starfsmenn stefnda fúsir til að athuga málið betur, en það þýði hins vegar ekki, að sjónarmið stefnda breytist, það fari eftir atvikum hverju sinni. Ekki kveðst deildarstjórinn minnst þess, að hann hafi látið nein orð falla um óreiðu eða mistök hjá umboði stefnda í Hafnarfirði. Hann kveður Guðmund Þorláksson í upphafi hafa verið umboðsmann stefnda í Hafnarfirði. Síðan hafi þróunin orðið sú, að Samvinnubankinn hafi tekið að sér umboð stefnda og hafi þá Guðmundur jafnframt orðið útibússtjóri bankans. Síðan hafi Guðmundur smátt og smátt snúið sér meira að störfum sínum við bankann, en ráðið starfsfólk til að vinna við tryggingaumboðið. Deildarstjórinn kveður fólk það, sem starfaði hjá umboði stefnda í Hafnarfirði á þessum tíma, þau Hjalta og Huldu, hafa skýrt sér frá því, að tilkynningar um gjalddaga hafi verið sendar út fyrir gjalddaga og ítrekanir hálfum mánuði til þrem vikum eftir gjalddaga. Deildarstjórinn kveður, að svo kunni að vera, að einhverju hafi verið breytt um uppsetningu á beiðninni um brunatryggingu, en fyrirkomulagið sé það sama eða mjög svipað. Sama sé að segja um tryggingarskírteinið og tryggingarskilmálana. Hann kveður skilmálana þá sömu og fram hafi komið í máli þessu og skírteinið einnig eins og það, sem

fram komi í málinu, og sé skírteininu stungið á vasa innan á kápu með tryggingarskilmálunum. Deildarstjórinn kveður stefnda krefja um gjaldfallin iðgjöld með því að senda út sérstaka innheimtumenn og sé þetta allavega gert hér í Reykjavík. Kveðst hann einnig telja, að þetta hafi verið gert á árunum 1964 og 1965, að minnsta kosti hér í Reykjavík. Deildarstjórinn kveður sér kunnugt um, að auk tryggingar þeirrar, sem fjallað er um í máli þessu, hafi stefnandi verið með tvær aðrar brunatryggingar hjá stefnda. Önnur tryggingin hafi verið fyrir vélar og lausamuni, en hin fyrir íbúðarhús stefnanda, sem verið hafi í byggingu. Kveður deildarstjórinn sér kunnugt um, að iðgjald fyrri tryggingarinnar hafi stefnandi greitt með tékka og hafi hann fengið tjón sitt bætt úr þeirri tryggingu, er umræddur brunni varð. Hann kveður iðjald síðari tryggingarinnar hafa verið greitt með víxli eða víxlum, sem lagðir hafi verið inn í Samvinnubankann til innheimtu.

Vitnið Hjalti Jóhannsson kveðst hafa verið starfsmaður tryggingaumboðs stefnda í Hafnarfirði frá lokum septembermánaðar 1964 til seinni hluta árs 1965. Hann kveður rekstur tryggingaumboðsins og útibús Samvinnubankans í Hafnarfirði hafa verið í sama húsnæði og undir sömu stjórn. Hjalti kveðst í fyrstu eingöngu hafa starfað að málefnum tryggingaumboðsins, en síðari hluta starfstíma síns kveðst hann hafa færzt meira yfir í bankastarfsemina. Hjalti kveðst muna það vel, að fyrsta verk sitt hjá tryggingaumboðinu hafi verið að senda út tilkynningar um gjalddaga brunatrygginga. Kveður hann skrifstofunni í Hafnarfirði hafa borizt gögn varðandi þetta frá aðalskrifstofu stefnda í Reykjavík, sem búið hafi verið að árita í skýrsluvélum fyrirtækisins í Reykjavík. Kveður Hjalti hér hafa verið um að ræða samfest blöð, sem verið hafi kvittun, tilkynning og ítrekun. Einnig kveður hann sig minna, að þarna hafi líka verið blað með afriti fyrir umboðsmanninn. Kveðst Hjalti hafa brotið tilkynningarnar, heft þær saman og stimplað þær með stimpli umboðsins í Hafnarfirði, en síðan hafi tilkynningarnar verið sendar til aðalskrifstofunnar í Reykjavík, en þar hafi þær verið stimplaðar í póststimplunarfél. Hjalti kveðst síðan ekki hafa haft frekari afskipti af þessu, fyrr en viðskiptavinirnir svo hafi komið til að greiða. Ef viðskiptavinir ekki greiddu, kveður Hjalti þeim hafa verið send ítrekun nokkrum vikum seinna, og kveður hann sig minna, að það hafi verið gert með sama hætti. Hjalti kveður uppsetningu tilkynninganna hafa verið með svolítið öðrum

hætti en tilkynningar, sem sendar voru um gjalddaga 1. október 1969 og lagðar hafa verið fram í málinu, en kveðst telja, að efnislega hafi tilkynningarnar verið alveg eins. Hjalti kveður innheimtumann hafa farið út til að innheimta ógreidd iðgjöld töluverðan hluta sumarsins 1965 og kveður sér ekki kunnugt um aðrar innheimtutilraunir varðandi ógreidd iðgjöld. Ekki kveðst Hjalti sérstaklega muna eftir viðskiptum stefnanda máls þessa við tryggingaumboðið, enda þekki hann ekki stefnanda í sjón. Ekki kveðst Hjalti hafa farið yfir þær tryggingar, sem í vanskilum voru, til að taka úr til sérstakra innheimtuaðgerða tryggingar með háum iðgjöldum og veit ekki til, að slíkt hafi verið gert. Hjalti kveðst ekki hafa haft uppi neinar sérstakar innheimtutilraunir vegna ógreiddra iðgjalda brunatrygginga. Í þeim tilvikum, að iðgjöld kaskotrygginga bifreiða hafi ekki verið greidd, kveðst hann hins vegar hafa tekið upp hjá sjálfum sér að hringja í tryggingartaka til að rukka, en ekki kveður hann það hafa verið gert eftir fyrirmælum forstöðumanna tryggingaumboðsins. Hann kveður kaskotryggingar hafa verið með allt að fjórum gjalddögum á ári og iðgjöldin tiltölulega há og kaskotryggingar í vanskilum ekki margar. Kveðst hann hafa gert þetta, til þess að ekki söfnuðust saman mörg iðgjöld í vanskilum. Kveðst hann hafa þekkt flesta af þeim, sem höfðu kaskotryggingar á bifreiðum sínum hjá umboðinu.

Ákvæði 1.—4. t. l. 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála eru svohljóðandi:

„Iðgjaldgreiðslur.

1. Ábyrgð félagsins hættir, ef fyrsta iðgjald greiðist ekki, þegar krafizt er. Á sömu leið fer, ef seinna iðgjald greiðist ekki innan viku, eftir að krafizt er.
2. Nú er iðgjald vangoldið, og er þá félaginu heimilt að segja upp tryggingunni eða innheimta iðgjaldið með aðstoð dómstólanna, ásamt kostnaði.

Endurnýjun.

3. Almennur gjalddagi brunatrygginga félagsins er 1. október (15. október fyrir skyldutryggð hús). Tryggingar, sem hafa þennan gjalddaga og gilda eitt ár í senn, halda áfram og endurnýjast af sjálfu sér, unz þeim er sagt upp skriflega að minnsta kosti mánuði áður en tryggingartímabilið rennur út.
4. Tryggingar, sem gilda eitt ár í senn, en hafa annan gjalddaga en greinir í (3), eru skammtímatryggingar og baka félaginu

enga ábyrgð fram yfir lokadag. Sama gildir um tryggingar, sem keyptar eru eða endurnýjaðar fyrir styttri tíma en eitt ár í senn.“

Fram er komið, að með tilkynningu, dags. hinn 20. október 1964, voru tilkynnt aðsetursskipti stefnanda og fjölskyldu hans frá Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði að Digranesvegi 97 í Kópavogi frá og með 30. september 1964.

Eigi hafa komið fram í málinu endurrit eða sýnishorn þeirra tilkynninga, sem stefndi sendi stefnanda um og eftir mánaðamót september og október 1964 og 1965, en tilkynning var ítrekuð einu sinni hvort haust. Hins vegar er viðurkennt, að í tilkynningum þessum hafi verið greint frá gjalddaga og fjárhæð iðgjalds þess, sem stefnanda bar að greiða samkvæmt váttryggingarsamningi aðilja. Varð með hliðsjón af samningi þessum því ekki lagður annar skilningur í þessar orðsendingar en að iðgjalds væri krafizt af hálfu stefnda. Hafði stefndi að þessu leyti fullnægt skilyrðum 14. gr. laga nr. 20/1954 fyrir því, að ábyrgð félagsins félli niður í tilefni af greiðslufalli á iðgjaldi. Stefndandi hefur synjað fyrir, að hann hafi tekið á móti nokkrum þessara tilkynninga. Þar ber þess að gæta, að um það leyti sem tilkynningar þessar voru sendar stefnanda haustið 1964, fluttist hann búferlum frá Hafnarfirði til Kópavogs, en eigi lét hann stefnda vita um aðsetursskiptin. Hefur engin sennilegri skýring verið gefin en að þar sé að leita orsakanna fyrir því, að stefndandi fékk eigi tilkynningarnar haustið 1964, og á það ekki hvað sízt við þá síðari. Verður þess vegna að leggja til grundvallar, að ábyrgð stefnda hafi fyrir löngu verið niður fallin, er bruninn varð hinn 2. marz 1966, sbr. 1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 33. gr. laga nr. 20/1954. Verður ekki fallizt á með stefnanda, að honum hafi verið rétt að líta svo á, að váttryggingarskilmálar stefnda fælu í sér frávik frá þessum reglum, enda bendir orðalag þeirra til hins gagnstæða, sbr. einkum 1. tl. 2. gr. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að viðskiptahættir stefnda hafi verið slíkir, að ábyrgð félagsins hafi ekki getað lokið í samræmi við umræddar reglur. Loks hafa eigi verið leidd í ljós nein þau atvik, sem gátu valdið því, að ábyrgð stefnda raknaði við.

Samkvæmt ofangreindu verða málsúrslit þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Kristjánsson, löggiltur endurskoðandi, og Gaukur Jörundsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Páls M. Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sér atkvæði Guðmundar Jónssonar borgardómara.

Það er fram komið, að stefnandi getur ekki lagt fram sýnishorn af eyðublöðum fyrir tilkynningar til viðskiptamanna sinna um gjalddaga trygginga 1. október 1964 og 1. október 1965. Hins vegar hafa verið lagðar fram endurnýjunarkvittanir fyrir tryggingu þá, sem fjallað er um í málinu, fyrir árin 1964 og 1965 svo og afrit umboðsmanns af kvittunum þessum rituð á nafn stefnanda og útfyllt að öðru leyti. Er fyrri kvittunin rituð á nafn stefnanda að Skúlaskeiði 28 í Hafnarfirði, en síðari kvittunin á nafn hans að Álfrólfsvegi 11 í Kópavogi, en það var tryggingarstaður samkvæmt tryggingarsamningi aðiljanna.

Á endurnýjunarkvittuninni frá 1964 er tilgreind tryggingarupphæð, iðgjald, söluskattur, tekjuafgangur reiknaður stefnanda til tekna og síðan heildarfjárhæð greiðslu. Á endurnýjunarkvittuninni frá 1965 eru sömu liðir að undanskildum tekjuafgangi. Á endurnýjunarkvittuninni frá 1964 og afriti umboðsmanns er svofelld áletrun: „Fyrir ofangreinda brunatryggingu hefur verið greitt endurnýjunariðgjald fyrir tímabilið 1. október 1964 til 1. október 1965 kl. 12 á hádegi, sem hér með kvittast fyrir“. Á endurnýjunarkvittuninni fyrir 1965 og afriti umboðsmanns er svofelld áletrun: „Gjalddagi ofangreindrar brunatryggingar er 1. október 1965. Iðgjaldið biðjum vér yður vinsamlegast að greiða á gjalddaga, og óskast tilkynning þessi sýnd um leið og greitt er.“

Í málinu hafa einnig verið lögð fram sýnihorn tilkynninga um gjalddaga trygginga 1. október 1966, 1. október 1967 og 1. október 1969. Tvö fyrri eyðublöðin eru eins og eyðublöðin fyrir endurnýjunarkvittunina og afrit hennar frá 1965 að öðru leyti en því, að í stað áletrunarinnar „Endurnýjunarkvittun 1965“ eru áletranirnar „Tilkynning um gjalddaga 1. október 1966,“ og „Tilkynning um gjalddaga 1. október 1967“, og auk þess eru á tilkynningunum svofelld áletrun „Sýnið þessa tilkynningu um leið og greitt er.“ Eyðublaðið frá 1969 er í öllum meginatriðum eins og tilkynningarnar frá 1966 og 1967 að öðru leyti en því, að því er ætlað að geyma fleiri upplýsingar um hið tryggða og trygginguna.

Á stefnda hvílir sönnunarbyrði um efni tilkynninga þeirra, sem hann sendi við gjalddaga brunatryggingarinnar 1. október

1964 og 1965. Þótt tilkynningar þessar hafi haft að geyma upplýsingar um gjalddagana sjálfa og fjárhæðir iðgjalda, svo sem eigi er vefengt af hálfu stefnanda, að verið hafi, þá verður það ekki talið nægilegt til að talið verði, að með þeim hafi stefndi fullnægt ákvæðum 13. og 14. gr. laga nr. 20/1954, sbr. og 1. tl. 2. gr. hinna almennu tryggingarskilmála um að krefja stefnanda um greiðslu iðgjaldanna. Verður því að telja, að tryggingarsamningur aðiljanna hafi verið í gildi og ábyrgð stefnanda samkvæmt honum virk, er umræddur tjónatburður varð, og beri stefnda því að greiða stefnanda tryggingarfjárhæðina, en ágreiningslaust er, að óbætt tjón stefnanda nemi a. m. k. þeirri fjárhæð. Stefndi á ógoldin iðgjöld árána 1964 og 1965, og er ágreiningslaust, að stefnanda hafi af þeim sökum borið að greiða kr. 17.117.00 (8.053.00+9.064.00). Ber stefnda því að greiða stefnanda tryggingarfjárhæðina, kr. 1.240.000.00, að frádreginni þessari fjárhæð, eða kr. 1.222.883.00, eins og krafizt er. Þá ber stefnda og að greiða stefnanda 8% ársvexti, sbr. 24. gr. laga nr. 20/1954, af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, frá 1. apríl 1966 til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 112.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar g/t, greiði stefnanda, Páli M. Jónssyni, kr. 1.222.883.00 með 8% ársvöxtum frá 1. apríl 1966 til greiðsludags og kr. 112.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
